



LYFJAGREIÐSLUNEFND

Alþingi
Erindi nr. P 138/2542
komudagur 26.5.2010

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 25. maí 2010

Málefni:

umsögn um tillögu til þingsályktunar um bólusetningu barna gegn pneumókokkasýkingum á 138. löggjafar þingi 2009-2010; Þskj.805 – 465. mál

Lyfjagreiðslunefnd vísar til erindis nefndarsviðs Alþingis, dags. 11. maí sl. þar sem óskað er umsagnar nefndarinnar um tillögu til þingsályktunar um bólusetningu barna gegn pneumókokkasýkingum– 465. mál

Lyfjagreiðslunefnd gerir ekki athugasemdir við fyrrgreinda tillögu en telur skylt að benda á eftirfarandi atriði.

- a) Í greiningunni er mælikvarði íhlutunar kostnaður við unnið viðbótarlíf og viðbótarlífár. Verðmæti lífs er borið saman við það sem reiknað er í heilbrigðisáætlun til 2010 sem hefur verið framreiknað til ársins 2008. Þar kemur fram að tölfræðilegt verðmæti lífs sé 497 m.kr og samkvæmt því er bólusetningin hagkvæm þar sem kostnaður við að bjarga lífi með henni er 228 m.kr. Hið opinbera hérlendis hefur ekki sett sér nein kostnaðarviðmið eða hámarksupphæð sem telst vera ásættanlegt að greiða fyrir unnið lífár. Hins vegar hafa verið gerðar hérlendis ýmsar kostnaðarvirknigreiningar sem hægt er að styðjast við.
- b) Verð á bóluefninu skiptir máli í kostnaðarvirknigreiningunni eins og prófað er fyrir í næmisgreiningunni. Ef greiningin er miðuð við verðlag 2009 hækkar ICER hlutfallið fyrir hvert unnið lífár úr 7,2 m.kr. í 15 m. kr. Bent er á að verð á bóluefninu er 4% lægra nú í maí 2010 en það var árið 2009 sem hefur áhrif á þessa útreikningana. Einnig er líklegt að verðsamkeppni aukist ef ákveðið er að fara í bólusetningu.
- c) Mikilvægt er að benda á að þegar ekki er tekið inn “catch-up” bólusetningin lækkar kostnaðarvirkni hlutfallið á hvert líf og lífár mjög mikið. Þetta gefur til kynna hver hagkvæmni bólusetningarinnar verður í framtíðinni þegar ekki lengur þarf að bjóða upp á “catch-up” bólusetningu.
- d) Eftir sem kostnaðarvirknihlutfallið, ICER, hækkar minnkar kostnaðarvirknin og því óhagkvæmari er kosturinn.

Að lokum hvetur Lyfjagreiðslunefnd til þess leitað verði ráða til að efla íslenskar heilsuhagfræðilegar rannsóknir sem munu gagnast við frekari stefnumótandi aðgerðir og ákvarðarnir

Að öðru leyti gerir Lyfjagreiðslunefnd gerir ekki athugasemdir fyrrgreint frumvarp.

F.h. Lyfjagreiðslunefndar,

Rúna Hauksdóttir, formaður